

## Reikningar.

*Ágrip af reikningum yfir tekjur og gjöld opinberra sjóða, sem eru undir stjórn amtsráðanna í suðuramtinu og vesturamtinu. um árið 1876.*

### a. Jafnaðarsjóður suðuramtsins.

149

		Tekjur.	Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1875:			
	a. Í skyndilánum . . . . .	2885 kr. 67 a.		
	b. Í peningum . . . . .	<u>1062 — 27 -</u>	3947	94
2.	Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 1876, 40 aurar á hvert hundrað . . . . .		7409	14
3.	Fyrir seld 2 expl. af Levy's yfirsetukvennafræði . . . . .		<u>4</u>	
		Tekjur samtals	11361	8
Gjöld.				
			Kr.	Á.
1.	Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála . . . . .		777	»
2.	Endurgjald alþingiskostnaðar fyrir árið 1875 . . . . .		1092	52
3.	Til yfirsetukvenna:			
	Fyrir yfirsetukvennaverkfæri handa Melahreppi og Kjalarneshreppi, sem þeim voru útveguð árið 1872 (sjá jafnaðarsjóðsreikning fyrir það ár)		23	35
4.	Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna . . . . .		337	75
5.	Ferðakostnaður embættismanna . . . . .		»	»
6.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .		1200	»
7.	Til sáttamálefna . . . . .		»	»
8.	Endurgjald á lánunum:			
	a. Upp í lán vegna fjárkláðans . . . . .	1000 kr. » a.		
	b. Upp í lán í tilefni af fangelsisbyggingum:			
	1. Upp í kostnað við hegningarhúsið í Rvík 662 kr. 95 a.			
	2. — í kostnað við fangelsi í Vestmannaeyjum <u>119 — 71 - 782 — 66 -</u>		1782	66
9.	Kostnaður við amtsráðið . . . . .		102	94
10.	Til varðkostnaðar . . . . .		1120	»
11.	Ýmisleg útgjöld . . . . .		467	38
12.	Eptirstöðvar:			
	a. Í skyndilánunum . . . . .	2664 kr. 18 a.		
	b. Í peningum . . . . .	<u>1793 — 30 -</u>	4457	48
		Gjöld samtals	11361	8

### b. Jafnaðarsjóður vesturamtsins.

150

		Tekjur.	Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1875:			
	a. Skyndilán . . . . .	kr. 414,87		
	b. Útistandandi hjá sýslumönnum . . . . .	— 535,48		
	c. Í peningum . . . . .	<u>— 1682,97</u>	2633	32
2.	Niðurjöfnun á lausafje 1876, 60 aurar á hvert hundrað . . . . .		6793	50
		Tekjur samtals	9426	82

150

	Gjöld.	Kr.	A.
1. Til sakamála, lögreglumála, gjafsóknarmála m. m. . . . .		474	30
2. Til yfirsetukvenna . . . . .		56	"
3. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna . . . . .		74	"
4. Ferðakostnaður embættismanna . . . . .		67	"
5. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .		48	81
6. Til sáttamálefna . . . . .		20	"
7. Endargjald kostnaðar við byggingu fangahúsa . . . . .		1633	94
8. Kostnaður við amtsráðið . . . . .		391	"
9. Til varðkostnaðar:			
a. Eptirstöðvar af kostnaði við Hvítárvörð 1875 . . . . .	kr. 1080,53		
b. Upp í kostnað við eptirlitsvörð 1876 . . . . .	— 452,00		
10. Ýmisleg útgjöld:		1532	53
Fyrir prentun á verðlagsskrám vesturamtsins 1876—77 . . . . .		10	74
11. Eptirstöðvar:			
a. Í skyndilánum . . . . .	kr. 709,10		
b. Útistandandi hjá sýslumönnum . . . . .	— 815,66		
c. Í peningum . . . . .	— 3593,74	5118	50
	Gjöld samtals	9426	82

#### EMBÆTTASKIPUN M. FL.

Hinn 4. dag októbermán. þ. á skipaði landshöfðingi Sigurð hreppstjóra Guðnason á Ljósavatni umboðsmann Norðursýslu- og Reykjadalssjarða og <sup>3</sup>/<sub>4</sub> Flateyjar.

Við byrjun þessa skóla-árs fálu stiptsyfirvöldin söngkennsluna í hinum lærða skóla í Reykjavík cand. theol. Steingrími Johnsen, gegn 600 kr. árslánum af fje því, sem til er tekið í 13. gr. fjárlaganna, B II b 2, og Jónasi Helgasyni organsláttinn í dómkirkjunni, gegn 260 kr. í laun samkvæmt sama gjaldlið í fjárlögnum; og staðfesti ráðgjafinn þá ráðstöfun 5. f. mán.

Hinn 7. þ. mán. skipaði landshöfðingi sóknarprestinn í Fljótshlíðarþingum í Rangárvallaprófastsdæmi, sira Hannes Stephensen, sóknarprest að Þykkvabæjarklaustri í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi, og setti hann jafnframt til að þjóna Meðallandsþingum í sama prófastsdæmi með til fardaga 1880.

Hinn 15. þ. mán. setti landshöfðingi Berg amtmann Thorberg til að endurskoða jarðabókarþjósreikningana um árin 1876 og 1877, — í stað Magnúsar yfirdómara Stephensen, er efri deild alþingis kaus til að yfirskoða landsreikningana um þessi ár, — gegn 400 kr. þóknun fyrir hvort árið (fjárl. 10. gr. A 3).

#### HEIÐURSMERKI.

Hinn 31. ágúst þ. á. þóknadist hans hátígn konunginum allramildilegast að nefna rektor hins lærða skóla í Reykjavík, Jón Þorkelsson, riddara af dannebog.

#### PRESTVÍGSLA.

Hinn 9. septbr. þ. á. vígði biskup landsins kandiðat Hans Jóhann Þorkelsson prest að Mosfelli í Kjalarnesþingi.

#### ÓVEITT EMBÆTTI.

Fljótshlíðarþingabraud í Rangárvallaprófastsdæmi, metið kr. 566,81; augl. 8. þ. mán.